


# 1 Afstöðumynd

1 : 500

**Hnausás 1, Flóahreppi**
Stgr. 8722-5-35030010, Landeignanr. L231714
Matshl. 01

**BYGGINGARLÝSING:**

Húsið er staðbyggt frístundahús á einni hæð með steinsteyptri plötu/sökklum og timburverönd. Grundað á klöpp eða malarfyllingu skv. nánari skýringum á sökklateikningum. Þak er úr timbri.

**Botnplata** og sökklar eru einangruð með 100 mm plasteinangrun.

**Útveggir** eru úr 145 mm timburgrind, einangraðir með 150 mm steinull.
Gluggar eru timburgluggar með álkápu. Gler er tvöfalt einungrunargler, K-gler.
Öryggisgler skal vera í gólfsíðum guggum og glerhurðum sbr. gr. 8.5.2 í byggingarreglugerð 112/2012
Húsið er klætt litaðri málmklæðningu og lerki. Útveggir eru loftaðir með 22 mm loftun undir klæðningu.

**Þak** er loftað timburþak með amk 25 mm loftun yfir einangrun. 220x45 mm sperrur, einangrað með 200 mm steinullareinangrun (2x100 mm). Borðaklæðning eða krossviður á þaki, asfaltpappi og gras. Rakaþétt lag innan undir einangrun.

**Innveggir** eru klæddir klæðningu í amk. flokki 2, nema veggur á milli þvottahúss og annarra rýma er með klæðningu í flokki 1.

**Kröfur til byggingarefna:** Allt byggingarefni skal uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til byggingavöru hérlendis, s.s. staðla, reglugerða, laga og ákvæða um CE-merkingu og eftir atvikum vottun eða umsögn um hana.

**Loftun húss** er um opnanleg fög og hurðir. Vélrænt útsog er frá snyrtingum og í eldhúsi er háfur með kolafilteri.

**Verönd** er timburklædd.

**Hitaveita** er frá Áshildarmýri á Skeiðum. Gólfhiti er í öllum rýmum og handklæðaofn að auki í baðherbergi. Nánar verður gerð grein fyrir lögnum á lagnateikningum.

**Neysluvatn** er úr vatnsveitu sveitarfélagsins,

**Gólfniðurföll** eru í öllum votrýmum, staðsett nánar á teikningum í mkv. 1:50.

**Reykskynjarar** er í öllum svefnherbergjum, geymslu og í alrými.
Reykskynjarar eru samtengdir.

**Handslökkvitæki** er við aðalinngangsdyr.

Frágangur **viðarofns** skal vera skv. 9.6.5 og 9.6.6 reglugerðar nr. 112/2012

**Björgunarop** (samanlögð hæð og breidd amk 150 sm) eru úr öllum svefnherbergjum.

**Eldvarnir** eru í samræmi við reglugerð.

Frágangur á heitum potti, inntaki rafmagns og vatns er samkvæmt kröfum í byggingarreglugerð.

**Sorp** skal flokkað og skilað skv. reglum sveitarfélagsins Flóahrepps.

**Rotþró** 2800 L, þriggja þrepa hreinsun og siturlögn eru frágengin skv. reglugerð. Nánari útfærsla skilgreind á lagnateikningum, skv. reglugerð.

| **Stærðir:** | m² | m3 |
|---|---|---|
| Sumarhús | 138,3 | 460,6 |

Lóðarstærð: 2703,1 m²
Nýtingarhlutfall: 0,06

Reiknað U-Gildi byggingarhluta viðbyggingar

| | | |
|---|---|---|
| Gluggar | 1,50 | W/m²K |
| Hurðir | 2,00 | W/m²K |
| Léttur útveggur | 0,26 | W/m²K |
| Botnplata | 0,24 | W/m²K |
| Létt timburþak | 0,20 | W/m²K |

Reiknað vegið meðaltal
Vegið meðaltal veggja/glugga/hurða 0,60 W/m²K

Reiknað varmatap á m² húss
Varmatap á brúttó m² húss 1,41 W/m²K

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
01. sep. 2021
Byggingarfulltrúi

ÖLL MÁL OG AÐSTÆÐUR ATHUGIST Á STAÐNUM ÁÐUR EN SMÍÐI HEFST.
ÓHEIMILT ER AÐ MÆLA UPP AF TEIKNINGUM.
ASK ARKITEKTUM SKAL TILKYNNT UM ÓSAMRÆMI OG VAFAATRIÐI ER UPP KUNNA AÐ KOMA.




Yfirlitsmynd af deiliskipulagsuppdrætti

20213154

| ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | YFIRFARIÐ | DAGS |
|---|---|---|---|

ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRSGÖTU 9
101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300
www.ask.is

ÁRITUN AÐALHÖNNUÐAR
Helgi Már Halldórsson Arkitekt F.A.Í. kt. 301258-7049
helgimar@ask.is

ASK ARKITEKTAR

VERKEFNI
Frístundahús
Hnausás 1, Flóahreppi

TEGUND TEIKNINGAR
AÐALTEIKNING

HEITI TEIKNINGAR
Afstöðumynd

MKV. Í A1 1 : 500
HANNAÐ HMH
TEIKNAÐ HMH
YFIRF. HMH
DAGS. 16.08.2021

VERK NR. -
AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR 10-01
ÚTGÁFA

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNING